

3. gr.

77

Stofnfé sjóðsins er kr. 3675.00 — þrjú þúsund sex hundruð og sjötíu og fimm krónur — í peningum í Söfnunarsjóði Íslands og skal ávaxta sjóðinn þar. 20. maí

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal $\frac{1}{10}$ hluta vaxtanna við höfuðstólinn unz hann nemur 10 — tíu — þúsund krónum. $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna, og öllum eftir að höfuðstóllinn hefur náð 10 þúsund krónum, skal varið til að styrkja bóndann eða bændurna á Reykjum í Fnjóskadal til hvers konar umbóta á nefndri jörð, þannig að styrkurinn má nema allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðarins við umbæturnar, ef nægilegt vaxtafé er fyrir hendi.

Þau árin, sem enginn styrkur er veittur, skal vaxtafé það, sem til útborgunar fellur, geymt á vöxtum, unz skilyrði eru fyrir hendi til styrkveitingar samkvæmt ofangreindum fyrirmælum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: hreppstjóri Hálshrepps, hreppsnefndaróddvitinn og trúnaðarmaður Búnaðarfélagss Íslands, eigi hann heima innan Hálshrepps, ella skal í hans stað kosinn, til 6 ára í senn, vel metinn bóndi innan hreppsins, sem gott skyn ber á framkvæmdir í jarðrækt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, annast reikningshald hans og ákveður hvað til úthlutunar kemur á ári hverju, með sérstöku tilliti til framkvæmda þeirra, sem í hvert sinn hafa verið gerðar á jörðinni.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

78

28. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður Sjómannadagsins.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver bátur verður hlutskarpastur í hverjum róðrarflokki, svo og í úrslitaróðrum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann bát er vinnur.
- b. Að minnsta kosti 75% af hagnaðinum, sem verður af kappróðrinum, skal varið til eflingar sjóminjasafnsins í Reykjavík.

78

28. maí

4. gr.
Að hverjum róðri loknum skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd ef róður misheppnast hjá bátshöfn, eða bátur fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappþræreglum Sjómannadagsins.

6. gr.

Ef róður verður ógildur, endurgreiðist veðféð aftur, að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningur útborgast aðeins í heilum krónum, brotum úr krónu er sleppt, og er ekki ábyrgt að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappþræreglum Sjómannadagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. ef bátshöfn er dæmd úr leik, missir báturinn rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðustu róðrarumferð, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 16 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní 1942.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57 27. júní 1941, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. maí 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

79

26. maí

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð Siglufjarðar nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

10. gr. 2. málsg. orðist svo:

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina, og má því ekki leggja neinu skipi nær bryggjum austan á eyrinni en svo, að á daginn liggja þau austan innsiglingarmerkjanna, sem eru merkjastaur á Leirunni í Leiruvita, að nóttu til skulu þau liggja í grænu ljósi sama vita. Ekkert skip má leggjast á innri höfnina nema með sérstöku leyfi hafnarvarða og eftir þeirra tilvísun í hvert sinn og skulu þau skip greiða 10 auru aukagjald af hverri nettó smálest.